
N O R Ð F I R Ð I N G U R

2. tölublað 1986

10. árgangur

ÁRSHÁTÍÐ

Norðfirðingafélagsins verður haldin að Hótel Loftleiðum, Víkingasal, laugardaginn 8. marz 1986 kl. 19:30 stundvíslega.

Matseðill: Blómkálssúpa

Logandi heiðarlamb
béarnaise

Jarðaberjarjómarönd
(rouge a la Nordfjord)

Hátíðarræða: Frú Ragna Jónsdóttir frá Bár.

Skemmtiatriði: Samleikur á harmoníku og gítar, Höskuldur Stefánsson og Svavar Lárusson

Gamanmál: Þekktur skemmtikraftur.

Happdrætti: Margt góðra vinninga.

Dans og vínveitingar.

Miðaverð kr. 1.500,-

Árshátíð Norðfirðingafélagsins verður haldin laugardaginn 8. marz 1986 að Hótel Loftleiðum, Víkingasal. Hátíðin hefst með borðhaldi kl. 19:30 stundvíslega.

Hátíðargestur okkar að þessu sinni verður frú Ragna Jónsdóttir frá Bár og mun hún flytja hátíðarræðu kvöldsins. Hún lumar vafalítið á mörgu skemtilegu frá uppvaxtarárum sínum á Norðfirði. Ragna var ein af stofnendum Norðfirðingafélagsins og ötull liðsmaður allar götur síðan.

Höskuldur Stefánsson og Svavar Lárusson leika saman á harmoníku og gítar. Gömlu góðu tónarnir munu þá hljóma!

Þekktur skemmtikraftur kemur í heimsókn.

Það er orðinn fastur liður að efna til happdrættis á árshátíðum félagsins.

Nokkrir velunnarar Norðfirðingafélagsins hafa verið svo rausnarlegir að gefa félaginu margt góðra muna, sem dregið verður um í happdrættinu. Meðal vinninga er utanslandsferð fyrir einn, sem gefin er af Samvinnuferðum-Landsýn að hluta til og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Fjöldasöngur verður undir borðhaldinu eins og venjulega. Höskuldur Stefánsson mun stjórna söngnum og annast undirspil.

Höskuldur brást mjög vel við þegar formaður

félagsins fór á fjörurnar við hann og væntum við þess að veizlugestir taki hressilega undir með Höskuldi.

Félagar úr kirkjukór Norðfjarðarkirkju ásamt sóknarprestinum séra Svavari Stefánsyni verða staddir í höfuðborginni þessa helgi og ætla þeir að sýna okkur þann heiður að taka þátt í árshátíðargleðinni með okkur Eflaust verða einhverjir fleiri að heiman staddir í höfuðborginni um þetta leyti og eru þeir að sjálfsögðu velkomnir í hópinn. Veizlustjói verður Birgir D. Sveinsson.

Að loknu borðhaldi verður stiginn dans af miklu fjöri við undirleik danshljómsveitarinnar Stuðlatriós.

Ef einhverjir sjá sér ekki fært að mæta fyrr en að loknu borðhaldi, þá verður seldur sérstakur aðgangur á ballið og kostar þá miðinn kr. 500,-

Við viljum hvetja féлага til þess að panta miða í tíma hjá:

Elsu Chr. 36492 Gígju Guðj. 66283

Jóni Guðm. 43499 Pálmari Magn. 42416

Norðfirðingar á Suðurnesjum athugið:

þið getið pantað miða hjá Þórði Waldorff

92-8066 og Sigurveigu Þorl. 92-1240

Því ákveðið hefur verið að reyna að efna til rútuferðar að sunnan á árshátíðina.

Miðarnir verða seldir að Hótel Loftleiðum, fimmtudaginn 6. marz kl. 17 - 19 og borð tekin frá á sama tíma.

Hið árlega sólarkaffi félagsins var haldið í Safnaðarheimili Bústaðakirkju 2. febr. s.l. Þátttaka var mjög góð. Mættir voru talsvert á þriðja hundrað manns í heimabakaðar "sólarpönnukökur" og annað bakkelsi sem félagskonur sáu um af miklum myndarskap. Hafi þær okkar beztu þakkir fyrir.

Aldnar kempur, þeir Bjarni frá Hátúni og Jóhannes Stefánsson ríffjuðu upp gamlar minningar að heiman og færum við þeim beztu þakkir fyrir.

Nokkur kökuföt frá sólarkaffinu eru í óskilum hjá formanni félagsins og eru eigendur vinsamlega beðnir að vitja þeirra sem fyrst.

MUNIÐ ÁRSHÁTÍÐINA 8. MARZ N.K.

Mætum öll.
Góða skemmtun!

NORÐFIRÐINGUR

Útgefandi: Norðfirðingafélagið
Espigerði 4, 108 Reykjavík.

Ritstjóri: Elsa Christensen.